

1. Athugasemd

Kvörtun vegna vöntun aðgerða fyrir túnin í aðgerðaráætlunum gegn umferðarhávaða í Garðabæ

Komið þið sæl

Við viljum kvarta yfir auknum umferðar hávaða í Kaupþúns-hverfinu. Það var settur hjóðmúr úr timbri fyrir nokkrum árum enn hann hefur frekar aukið á hávaðamengun í hverfinu enn minnkað. Segir sig sjálft að tiltölulega lág einföld timburgirðing svo nálægt Hafnarfjarðarvegi sem raun ber vitni dempar ekki hjóð frá bílaumferðinni heldur hreinlega eykur hana þar sem hjóðin kastast á hana og magnast upp í þetta elsta íbúðarhverfi bæjarins. Þá sér í lagi þegar rignir því þá bætir í hávaðann enn frekar. Þetta er allavega okkar tilfinning í Goðatúns 26 sem erum búinn að vera búsett þar í 29 ár og finnum mun eftir að girðing var sett upp og þá til hins verra. Og auðvitað hefur umferðin aukist gríðarlega síðan þá einnig. Manni finnst það dapurt að ekki eigi að bæta þetta með betri hjóðvörnum fyrir hverfið í nýrri aðgerðaráætlun Garðabæjar gegn hávaða 2018-2023. Einnig líka eftir að mælingar Umhverfisstofnunar hjóðaði uppá að hávaði væri nú yfir viðmiðunarmörkum í hverfinu. Það er hreint ótrúlegt hvað bærinn gerir lítið fyrir þetta gamla hverfi. Við fengum girðingu meðan að til dæmis hinum megin var landslaginu hreinlega breytt sem hjóðmúr áður enn að nýtt vandað raðhúsahverfi var byggt nær sjávarlínunni. Sama var gert fyrir Akrahverfið og Arnarnesið en við fengum einfalda timburgirðinu til hjóðminnkunar þótt nóg væri svæðið til betri og öflugri hjóðverndar. Það er von okkar að þið bregðist við okkar kvörtun hið fyrsta og bætið hjóðmengunarvarnir hverfisins vegna umferðar Hafnarfjarðarvegi. Best auðvitað væri að fá veginn þarna í stokk, bænum til heilla og frekara öryggis.

Virðingarfyllt


Íbúar Goðatúns 26

G. Kári Ellertsson

Aldís B Arnardóttir

Svar við athugasemd 1-4

Í aðgerðaráætlun Garðabæjar fyrir 2013-2018 var stefnt að því að fara í mótvægis aðgerðir við Hafnarfjarðarveg við Silfurtún. Eins og kemur fram í aðgerðaráætlun þá voru hljóðvarnir við Silfurtún reistar og tengdar við hljóðvarnir við Akrahverfi á þessu tímabili. Samkvæmt umferðartölum frá Vegagerðinni sem notaðar voru sem forsendur (2016-2017) í skoðun hávaðakortlagningar árið 2017 hefur umferðin á Hafnarfjarðarvegi aukist um 1000 frá umferðartölum í hávaðakortlagningu 2012. Breyting á umferð í Hafnarfjarðarvegi á milli þessara ára er metin skila innan við 1 dB breytingu. Á meðfylgjandi myndum má sjá þá breytingu á hljóðstigi við silfurtún með og á hljóðveggs. En eims og sjá má eru öll hús komin úr appelsínu gulu svæði og aðeins húsin allra næst Hafnarfjarðarvegi á gulusvæði. Reiknað jafngildishljóðstig L_{Aeq} í 2 m hæð.



Umferðarhávaði er breytilegur eftir veðurfari, aðstæðum og yfirborði vega og lands. Snjór og vatn á yfirborði ýmist minnka eða auka endurkast frá yfirborði ásamt notkun nagladekkja. Því er eðlilegt að umferðarniður geti verið hærri yfir vetrartímann. Í útreikningum er tekið tillit til harðra flata svo sem vega, veggja og húsa.

Samkvæmt rannsóknum og mælingum á hljóðveggjum þá er tiltölulega lítil breyting á hljóðdempunar áhrifum hljóðvarna úr mismunandi efnum. En aftur á móti hefur aukin hæð (skermvirkni) mikil áhrif á dempun.

2. Atugasemd

Axel Hrafn Helgason kt 0607735999 og Margrét Þorleifsdóttir kt 2505743129, Aratúni 5, gerum alvarlegar athugasemdir við að Túnin séu ekki inn í aðgerðaráætlun Garðabæjar gegn hávaða 2018-2023 þar sem núverandi hljóðvörn virðist síður en svo þjóna hlutverki sínu að nokkru marki.

Það eru mikil vonbrigði hversu illa virðist hafa tekist til með vegginn sem settur var upp, mælingar eru enn yfir viðmiðunarmörkum sem reglugerðir segja til um og styður það tilfinningu okkar.

með fyrirfram þökk fyrir jákvæð viðbrögð.

Axel og Margrét

Aratúni 5

3. Athugasemd

Góðan daginn

Skv aðgerðaráætlun Garðabæjar til að draga úr umferðarhávaða er ekki gert ráð fyrir frekari aðgerðum í þeim málum fyrir Túnin. Nú höfum við hjónin búið í Aratúni 9 í Garðabæ síðan sumarið 1986 og átt þar gott líf en þó hefur umferðarniður haft truflandi áhrif og verið vaxandi með árunum. Talsverð bót var þó að fá timburvegginn græna, en þó fjarri því að vera fullnægjandi lausn. Enn er umferðarhávaði langt yfir þeim mörkum sem ásættanleg eru. Við höfun nú ekki í gegnum árin verið að nudda í bæjaryfirvöldum útaf hinum ýmsu málum og verið ánægð hér í Garðabæ, þó þessi þáttur hafi verið truflandi öll árin. Okkur finnst því sjálfsagt að láta rödd okkar heyrast nú þegar þessi mál eru á dagskrá og viljum hvetja bæjaryfirvöld til að endurskoða þessi mál og finna á þeim lausn til framtíðar sem allir geta verið sáttir við.

Einar Sigfússon

Anna K Sigþórsdóttir

4. Athugasemd

Fyrirspurn:

Ég geri athugasemdir við það að ekki eigi að fara í frekari framkvæmdir við hljóðvarnir við Hafnarfjarðarveg við Túnin. Umferðarhávaðinn á því svæði er óviðunandi gagnvart íbúum Túnanna.

Með eindreginni ósk um að þessi áætlun verði endurskoðuð með heilsu og líðan íbúa í huga.


Kveðja, Alberta Tulinius

5. Athugasemd

Góðan dag

Ég sé að í aðgerðaráætlun Garðabæjar 2018 - 2023 er hvergi minnst á að klára fyrirhugaðan hljóðvegg ofan á hljóðmönina sem liggur meðfram Árakri. Það var gert ráð fyrir honum við gerð deiliskipulags á sínum tíma og er hann þar teiknaður inn (sjá viðhengi). Vitið þið af hverju veggurinn er ekki á þessari aðgerðaráætlun?

Þess má geta að ég hef mælt hljóðið reglulega í garðinum hjá mér í Árakri og það er ekki oft sem hávaðinn fer undir 55db, er oftast en ekki vel yfir þeim mörkum :/



Svar við athugasemd 5


Akrahverfi

6. Athugasemd

Daginn, ég er eigandi íbúðar á efri hæð í Breiðási 2. Ég var að glugga í aðgerðaráætlunina og sá að það er ekki á dagskrá að minnka hávaða hjá okkur og sá enn fremur að hljóðvarnir hefðu verið gerðar á árunum 2013-2018. Liggja fyrir mælingar sem sýna að þær framkvæmdir sem gerðar voru hafi minnkað hljóðmengun á þessu svæði? Það liggur í hlutarins eðli að ekki sé hægt að tala um hljóðvarnir nema svo sé. Mig langar að kalla eftir mælingu á hljóðstyrk sem lendir á efri hæð hússins að Breiðási 2 (íbúðar minnar) og/eða fá að vita hver gildin voru fyrir og eftir að hljóðvarnir voru gerðar. Ef þetta gildi er yfir viðmiðunarmörkum eins og staðan er í dag legg ég fram athugasemd við að hús mitt sé ekki á áætlun hljóðvarna.


Virðingarfyllt,

Friðrik Óskar Friðriksson



Svar við athugasemd 6

Á meðfylgjandi myndum má sjá árf hljóðveggjar. Reiknað jafngildishljóðstig L_{Aeq} í 2 m hæð.



7. Athugasemd

Góðan dag,

Ég vill koma með eina ábendingu er varðar hljóðvarnir, ég er íbúi í Njarðargrund 2 sem er alveg upp við stofnbraut. Hljóðmúrinn sem er núna við veginn er einfaldur og óþéttur þannig að hægt er að sjá í gegnum hann og hann er allt of lár þar sem við erum á efri hæð þá horfi ég beint niður á bílana, þannig þessi hljóðmúr gerir ekkert fyrir okkur. Geturðu vinsamlegast komið því áleiðis að þegar þetta verður lagað að þá verði veggurinn hækkaður til muna.

Bkv,

Viktor Emil

Svar við athugasemd 7

Skv. núverandi aðgerðaráætlun er stefn að því að endurskoða hljóðvarnir beggja vegna við Hafnarfjarðarveg milli Lyngás og Vífilsstaðavegs. Garðabær mun ráðast í eftirfarandi framkvæmdir næstu 5 ár með þeim skilyrðum að fjárveiting fáið frá ríki og bæ.

8. Athugasemd

Góðan dag,

Eftirfarandi eru athugasemdir við framlagða aðgerðaráætlun Garðabæjar gegn hávaða:

- Ætla bæjaryfirvöld ekki að láta skoða það sérstaklega að næstum allir nýir íbúar á frá því á fyrra tímabili mælingar búa á svæðum sem mælast yfir 55 db, jafnvel þó að Urriðaholt sé ekki tekið með í mælingunni?
- Nefndur er möguleiki í áætluninni um að hægt sé að minnka hávaðamengum t.d. með annarri gerð malbiks, en hins vegar er ekki sagt að það verði gert. Er það alfarið í höndum Vegagerðarinnar að ákveða hvaða malbik er notað á þjóðvegi í þéttbýli eða getur/hefur Garðabær gert kröfu um að notað sé malbik sem skapar minni hávaða innan bæjarins?
- Hefur Garðabær í sínum höndum upplýsingar um það hvaða áhrif til lækkunar hljóðmengunar hinar ýmsu varnir hafa, t.d. grasmanir á móti 1,5 m tréveggjum? Eru ákvarðanir um hljóðlækkandi varnir alltaf teknar af sameiningu af Vegagerðinni og bæjaryfirvöldum þegar snýr að þjóðvegum í þéttbýli?
- Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum eru engar áætlanir um að auka við varnir við hljóðmengun við vesturhluta Akrahverfis sem liggur að tveimur Vegagerðarvegum, bæði Hafnarfjarðarvegi og Arnarneshæð. Mælingarnar frá 2018 sýna að þá þegar var þó nokkur hluti hverfisins með hljóðmengun yfir 55 db. Eru engar áætlanir um að gera neinar aðgerðir þar að lútandi fyrir en í fyrsta lagi 2024?

Takk fyrir,

Guðrún S. Björnsdóttir

Svar við athugasemd 8

Eins og fram kemur í aðgerðaráætlun Garðabæjar þá eru ástæður aukningar taldar margþættar. Meðal annars vegna umferðaraukningar og þéttingar byggðar. Þrátt fyrir að hluti nýrra íbúða sé á svæð sem reiknast yfir L_{den} 55 dB ættu þær að hafa hljóðstig á útisvæði og í íverurýmum í samræmi við reglugerð um hávaða nr. 724/2008, byggingarreglugerð og staðalinn ÍST 45:2016. Vegagerðin sér um viðhald helstu stofnbrauta á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt rannsóknum og mælingum á hljóðveggjum þá er tiltölulega lítil breyting á hljóðdempunar áhrifum hljóðvarna úr mismunandi efnum. En aftur á móti hefur aukin hæð (skermvirkni) mikil áhrif á dempun.

Akrahverfi

9. Athugasemd

Kærar þakkar fyrir að kalla eftir ábendingum um aðgerðaáætlun gegn hávaða 2018-2023.

Í áætluninni eru nefndar ýmsar leiðir til að sporna við hávaða. Meðal annars með breyttu umferðarskipulagi, að minnka umferðarmagn, lækka umferðarhraða og lækka hlutfall þunga ökutækja.

Forgangs röðun verkefna áætlunarinnar er sem hér segir:

1. Uppsetning á hljóðvörnum eða byggingartæknilegar lausnir
2. Efling almenningssamgangna
3. Efla göngu- og hjólastígakerfi

Bærinn hefur á undanförnum árum staðið sig ágætlega í að byggja hljóðvistarmanir.

Ég tel vanta í aðgerðaáætlunina aðgerðir í að lækka umferðarhraða í bænum með borgarhönnun að leiðarljósi. Lækkun umferðarhraða gæti dregið úr aukningu bílaumferðar, lækkað hlutfall þungra ökutækja og þarf ekki að kosta mikið. Aðgerðin samræmist umhverfisstefnu og aðalskipulagi og getur á sama tíma bætt ásýnd bæjarins. Öryggi við gönguþveranir eykst og alvarleiki slysa á óvörðum vegfarendum minnkar.

Vífilsstaðavegur, Karlabraut og Bæjarbraut gætu t.d. hæglega verið 40 km/klst götur eins og Hringbrautin er orðin í Reykjavík: <https://reykjavik.is/frettir/hamarkshradi-i-40-km-hringbrautarkafli>

Að mínu mati er óþarfi að hafa 50 km/klst hámarkshraða innan tengivega bæjarmarkanna.

Til að byrja með væri hægt að endurskilgreina þessar götur sem 40 km/klst götur og í framhaldinu skipta út götugögnum með mannlegri skala í huga. svo sem götulýsingu, gróðri, bekkjum o.s.fr. Mesti umferðarhávaði sem maður verður var við í dag kemur frá hraðaakstri bíla og mótorhjóla auk aksturs þungra ökutækja, oft sömuleiðis á óþarflega miklum hraða.

Bestu kveðjur,

Pálmi Freyr Randversson

Hofslundi 13

Svar við athugasemd 9

Umferðarhraði?